

TILSKIPUN RÁÐSINS 93/59/EBE

frá 28. júní 1993

um breytingu á tilskipun 70/220/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi ráðstafanir gegn loftmengun frá hreyflum ökutækja

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

í samvinnu við Evrópuþingið ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Mikilvægt er að samþykkja ráðstafanir í samhengi innri markaðarins. Innri markaður er svæði án innri landamæra þar sem frjáls flutningur vara, einstaklinga og fjármagns er tryggður, svo og frjáls þjónustustarfsemi.

Í fyrstu aðgerðaáætlun bandalagsins á sviði umhverfisverndar, sem ráðið samþykkti 22. nóvember 1973 ⁽⁴⁾, var hvatt til þess að tillit yrði tekið til síðustu vísindaframskila í baráttunni gegn loftmengun sem stafar af útblásturslofti vélknúinna ökutækja og að þeim tilskipunum, sem þegar höfðu verið samþykktar yrði breytt til samræmis. Í þriðju aðgerðaáætlun, sem ráðið samþykkti 7. febrúar 1983 ⁽⁵⁾,

var kveðið á um frekari aðgerðir til að draga úr útblæstri mengandi lofttegunda frá ökutækjum.

Tilskipun 70/220/EBE ⁽⁶⁾ er ein sértilskipananna sem fjalla um tilhögun EBE-gerðarviðurkenningar sem komið var á með tilskipun ráðsins 70/156/EBE frá 6. febrúar 1970 um samræmingu laga aðildarríkjanna um gerðarviðurkenningu fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra ⁽⁷⁾.

Í tilskipun 70/220/EBE er mælt fyrir um markgildi fyrir kolmónoxíð og óbrennt vetniskolefni í útblæstri frá hreyflum þessara ökutækja. Þessi markgildi voru lækkuð í fyrsta skipti með tilskipun 74/290/EBE ⁽⁸⁾ og bætt var við ákvæðum, í samræmi við tilskipun 77/102/EBE ⁽⁹⁾, um markgildi fyrir köfnunarefnisoxíð í útblæstri. Markgildi fyrir þessar þrjár tegundir efna voru síðan lækkuð með tilskipunum 78/665/EBE ⁽¹⁰⁾, 83/351/EBE ⁽¹¹⁾ og 88/76/EBE ⁽¹²⁾, markgildi fyrir mengandi agnir í útblæstri dísilhreyfla voru sett með tilskipun 88/436/EBE ⁽¹³⁾ og strangari evrópskir staðlar voru settir fyrir mengunarefni í útblæstri ökutækja með slagrymi innan við 1 400 cm³ með tilskipun 89/458/EBE ⁽¹⁴⁾. Staðlarnir hafa verið víkkaðir út þannig að

⁽¹⁾ Stjútíð. EB nr. C 100, 22. 4. 1992, bls. 7.

⁽²⁾ Stjútíð. EB nr. C 305, 23. 11. 1992, bls. 120 og

Stjútíð. EB nr. C 176, 28. 6. 1993.

⁽³⁾ Stjútíð. EB nr. C 313, 30. 11. 1992, bls. 11.

⁽⁴⁾ Stjútíð. EB nr. C 112, 20. 12. 1973, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjútíð. EB nr. C 46, 17. 2. 1983, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjútíð. EB nr. L 76, 6. 4. 1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 91/441/EBE (Stjútíð. EB Nr. L 242, 30. 8. 1991, bls. 1).

⁽⁷⁾ Stjútíð. EB nr. L 42, 23. 2. 1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/53/EBE (Stjútíð. EB Nr. L 225, 10. 8. 1992, bls. 1).

⁽⁸⁾ Stjútíð. EB nr. L 159, 15. 6. 1974, bls. 61.

⁽⁹⁾ Stjútíð. EB nr. L 32, 3. 2. 1977, bls. 32.

⁽¹⁰⁾ Stjútíð. EB nr. L 223, 14. 8. 1978, bls. 48.

⁽¹¹⁾ Stjútíð. EB nr. L 197, 20. 7. 1983, bls. 1.

⁽¹²⁾ Stjútíð. EB nr. L 36, 9. 2. 1988, bls. 1.

⁽¹³⁾ Stjútíð. EB nr. L 214, 6. 8. 1988, bls. 1.

⁽¹⁴⁾ Stjútíð. EB nr. L 226, 3. 8. 1989, bls. 1

þeir ná yfir allar bifreiðar óháð slagrymi þeirra á grundvelli endurbættar evrópskrar prófunaraðferðar þar sem akstursferli utan þéttbýlis er innifalið og krafna varðandi uppgrufunarefni í útblæstri og endingu íhluta ökutækja sem takmarka útblástur ásamt strangari stöðlum um mengandi agnir í útblæstri fyrir bifreiðar sem eru með dísilhreyflum sem var komið á með tilskipun 91/441/EBE.

Strangir evrópskir staðlar gilda einungis um fólksbifreiðar sem eru hannaðar til að flytja færri en sex farþega og með hámarks massa undir 2 500 kg. Bráðabirgðaákvæði varðandi aðra ökutækjaflokka sem tilskipun 70/220/EBE fjallar um, einkum léttar vöruflutningabifreiðar, kveða á um staðla sem ekki eru eins strangir.

Áhrif á umhverfið vegna strangari staðla myndu aukast til muna og fyrir þeim flýtt ef aðildarríkin veittu skattaávilnanir vegna kaupa á nýjum ökutækjum sem þegar eru í samræmi við staðlana sem settir eru fram í þessari tilskipun.

Almennt er talið að framtíðarþróun í flutningum innan bandalagsins fylgi aukning á umhverfismengun. Fram til þessa hefur raunveruleg þróun farið fram úr opinberum spám um umferðarþunga. Því skal setja mjög stranga staðla um vélarútblástur allra vélknúinna ökutækja.

Sérstakar rannsókn- og þróunaraðgerðir til að draga úr loftmengun frá vélknúnum ökutækjum geta haft úrslitaáhrif á að bæta samkeppnishæfni bifreiðaiðnaðar í Evrópu.

Framkvæmdastjórnin hefur það verkefni að meta reglulega nýjustu framfarir í vísindum sem gera kleift að lækka leyfileg markgildi fyrir loftmengun frá vélknúnum ökutækjum og leyfa að stungið sé upp á viðeigandi ráðstöfunum til lækkunar í samráði við nefnd um útblástur vélknúinna ökutækja.

Á næsta stigi ætti að lækka markgildi léttra vöruflutningabifreiða og, með fyrirvara um viðeigandi tæknimat, sameina ökutæki í flokkum II og III þar sem hægt er og fella niður sérstök markgildi um eftirlit með samræmi framleiðslunnar.

Rannsóknir framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði hafa leitt í ljós að bandalagið býr þegar yfir eða er að þróa tækni sem gerir kleift að ökutæki sem fjallað er um í þessari

tilskipun séu í samræmi við staðla sem eru eins strangir og fyrir farþegabifreiðar að teknu tilliti til sérstakra skilyrða slíkra ökutækja. Fyrirhuguðum stöðlum skal komið á eins fljótt og unnt er til að tryggja samkvæmni ráðstafananna sem bandalagið grípur til gegn loftmengun vegna umferðar á vegum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukum I, III, IV, V og IX við tilskipun 70/220/EBE er hér með breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Frá 1. október 1993 er aðildarríkjunum óheimilt, af ástæðum sem varða loftmengun vegna útblásturs þeirra:

- að synja um EBE-gerðarviðurkenningu, útgáfu skjalsins sem um getur í síðasta undirlið, 1. mgr., 10. gr í tilskipun 70/156/EBE eða innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð ökutækis, eða
- að banna að vélknúð ökutæki sé tekið í notkun í fyrsta sinn,

ef útblástur frá þeirri gerð af vélknúnu ökutæki eða frá slíkum ökutækjum uppfyllir ákvæði tilskipunar 70/220/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

2. Frá 1. október 1993:

- er aðildarríkjunum ekki lengur heimilt að veita EBE-gerðarviðurkenningu eða gefa út skjalið sem um getur í síðasta undirlið, 1. mgr., 10. gr. í tilskipun 70/156/EBE fyrir gerð vélknúins ökutækis,
- skulu aðildarríkin synja um innlenda gerðarviðurkenningu fyrir gerð vélknúins ökutækis,

ef útblástur frá því uppfyllir ekki kröfurnar sem settar eru fram í viðaukunum við tilskipun 70/220/EBE, eins og þeim er breytt með þessari tilskipun.

3. Frá 1. október 1994 skulu aðildarríkin banna að ökutæki séu tekin í notkun í fyrsta sinn ef útblástur frá þeim uppfyllir ekki kröfurnar sem settar eru fram í viðaukunum við tilskipun 70/220/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun.

3. gr.

Aðildarríkin geta einungis gert ráðstafanir til að veita skattaávilnanir fyrir vélknúin ökutæki sem eru í samræmi við þessa tilskipun. Slíkar ívilnanir skulu vera í samræmi við ákvæði sáttmálans og skulu að auki uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- þær skulu gilda um öll ný ökutæki sem boðin eru til sölu á markaði aðildarríkis og fullnægja þegar kröfum þessarar tilskipunar,
- þær skulu falla úr gildi daginn sem kveðið er á um í 3. mgr., 2. gr. fyrir gildistöku skyldubundinna útblástursgilda fyrir ný ökutæki,
- upphæð þeirra skal vera töluvert lægri en raunverulegur kostnaður við búnaðinn sem settur er upp til að samrýmast gildunum og ísetningu hans, fyrir hverja gerð ökutækis.

Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um allar áætlanir til að samþykkja eða breyta skattaávilnunum sem um getur í fyrstu málsgreininni með nægum fyrirvara svo að hún geti lagt fram athugasemdir.

4. gr.

Ráðið skal, samkvæmt skilyrðum sem kveðið er á um í sáttmálanum, taka ákvörðun fyrir 31. desember 1994 um tillögu um frekari lækun markgilda, sem framkvæmdastjórnin leggur fram fyrir 31. desember 1993.

Lækkuðu markgildin skulu ekki taka gildi fyrir 1. janúar 1996 fyrir nýjar gerðarviðurkenningar á ökutækjum í flokki I og ekki fyrir 1. janúar 1997 á ökutækjum í flokkum II og III eins og tilgreint er í töflunni í lið 5.3.1.4 í I. viðauka við tilskipun 70/220/EBE, eins og henni er breytt með þessari tilskipun; þau má nota sem grunn fyrir skattaávilnanir þegar nýja tilskipunin hefur verið samþykkt.

Hærrí markgildi fyrir eftirlit með framleiðslu (eins og tilgreint er í töflunni undir lið 7.1.1 í I. viðauka) skulu falla úr gildi þegar lækkuðu markgildin sem mælt er fyrir um í annarri málsgrein taka gildi.

5. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 1993. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja ákvæðin skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um mál-efni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 28. júní 1993.

Fyrir hönd ráðsins,

S. AUKEN

forseti.

VIÐAUKI

BREYTINGAR Á VIÐAUKUM VIÐ TILSKIPUN 70/220/EBE

I. VIÐAUKI

1. Í stað liðar 5.2.1 komi eftirfarandi:

- „5.2.1. Ökutæki með hreyfli með rafkveikju skulu sett í eftirfarandi prófanir:
- Prófun I: (líkt eftir meðalútbæstri frá hreyfli eftir kaldræsingu)
 - Prófun II: (kolmónoxíð í útblæstri við hægagang)
 - Prófun III: (útblastur lofttegunda úr sveifarhúsi)
 - Prófun IV: (uppgufun úr eldsneytiskerfi)
 - Prófun V: (ending mengunarvarnarbúnaðar).“

2. Liður 5.2.2 falli niður.

3. Liður 5.2.3 verði svohljóðandi:

- „5.2.3. Ökutæki með hreyfli með þrýstikveikju skulu sett í eftirfarandi prófanir:
- Prófun I: (líkt eftir meðalútbæstri frá hreyfli eftir kaldræsingu)
 - Prófun V: (ending mengunarvarnarbúnaðar).“

4. Liður 5.2.4 falli niður.

5. Í stað myndar 1.5.2 komi eftirfarandi mynd:

„Mynd 1.5.2

Mismunandi möguleikar á gerðarviðurkenningu og útvíkkun hennar

Prófun fyrir gerðarviðurkenningu	Ökutæki í flokkum M og N með hreyfli með rafkveikju	Ökutæki í flokkum M ₁ og N ₁ með hreyfli með þrýstikveikju
Prófun I	Já (massi ≤ 3,5 t)	Já (massi ≤ 3,5 t)
Prófun II	Já (massi > 3,5 t)	—
Prófun III	Já	—
Prófun IV	Já (massi ≤ 3,5 t)	—
Prófun V	Já (massi ≤ 3,5 t)	Já (massi ≤ 3,5 t)
Skilyrði fyrir útvíkkun	6. liður	— 6. liður — M ₂ og N ₂ með viðmiðunarmassa sem er ekki meiri en 2 840 kg“

6. Liður 5.3.1.2.1 verði svohljóðandi:

- „5.3.1.2.1. Prófun er stendur samanlagt í 19 mínútur og 40 sekúndur er gerð ...“ (framhaldið helst óbreytt).

7. Liður 5.3.1.2.4 falli niður.

8. Liður 5.3.1.4:

— Önnur setningin verði svohljóðandi:

„Niðurstöður úr hverri prófun skulu margfaldaðar með ...“ (framhaldið helst óbreytt);

— Í stað töflunnar komi eftirfarandi:

Ökutækjaflokkur	Viðmiðunarmassi	„Markgildi			
		Massi kolmónoxíðs	Samanlagður massi vetniskolefna og köfnunar-efnisoxíða	Massi agna ⁽¹⁾	
		RW (kg)	L ₁ (g/km)	L ₂ (g/km)	L ₃ (g/km)
M ⁽²⁾	allur	2,72	0,97	0,14	
N ₁ ⁽³⁾	I. flokkur	RW ≤ 1 250	2,72	0,97	0,14
	II. flokkur	1 250 < RW ≤ 1 700	5,17	1,4	0,19
	III. flokkur	1 700 < RW	6,9	1,7	0,25

⁽¹⁾ Fyrir hreyfla með þrýstikveikju.

⁽²⁾ Að undanskildum:

- ökutækjum sem hönnuð eru til að flytja fleiri en sex farþega ásamt öikumanni,
- ökutækjum sem eru með hámarks massa yfir 2 500 kg.

⁽³⁾ Og ökutæki í flokki M sem tilgreind eru í 2. athugasemd.“

9. Liður 5.3.2.1 verði svohljóðandi:

„5.3.2.1. Þessa prófun skal gera á ökutækjum sem knúin eru hreyfli með neistakveikju og prófunin sem tilgreind er í lið 5.3.1 gildir ekki um.“

10. Liður 5.3.2.2 verði svohljóðandi:

„5.3.2.2. Þegar prófun fer fram í samræmi við IV. viðauka má rúmmál kolmónoxíðs í útblæstri úr hreyfli í hægagangi ekki vera meira en 3,5% við þá stillingu sem framleiðandi tilgreinir og ekki meira en 4,5% innan þess stillingarsviðs sem við er miðað í þeim viðauka.“

11. Liður 5.3.4.1 verði svohljóðandi:

„5.3.4.1. Prófun þessa verður að gera á öllum þeim ökutækjum sem um getur í 1. lið að frátöldum þeim ökutækjum sem knúin eru hreyfli með þrýstikveikju.“

12. Í lið 5.3.5.1 verði fyrsta setningin svohljóðandi:

„5.3.5.1. Prófunina þarf að gera á öllum þeim ökutækjum sem um getur í 1. lið og sem prófunin sem tilgreind er í lið 5.3.1 á við“ (framhaldið helst óbreytt).

13. Liður 6.1.1 verði svohljóðandi:

„6.1.1. Gerðir ökutækja með mismunandi viðmiðunarmassa.

6.1.1.1. Viðurkenningu fyrir gerð ökutækis er einungis heimilt að útvíkka til ökutækis sem hefur þann viðmiðunarmassa að þörf er fyrir aðlægt tregðujafngildi.“

6.1.1.2. Þegar um er að ræða ökutæki í flokki N₁ og ökutæki í flokki M sem um getur í 2. athugasemd liðar 5.3.1.4, ef viðmiðunarmassi þess ökutækis sem óskað er eftir útvíkkun á viðurkenningu fyrir krefst þess að kasthjól með lægra tregðujafngildi verði notað en það sem notað var við viðurkenndu gerðina skal útvíkkun á viðurkenningu veitt ef massi mengandi efna sem mældist úr viðurkenndu ökutækjunum er innan þeirra marka sem mælt er fyrir um vegna þess ökutækis sem sótt er um útvíkkun fyrir.“

14. Liður 7.1.1, í stað töflunnar komi eftirfarandi:

Ökutækjaflokkur	Viðmiðunarmassi	„Markgildi		
		Massi kolmónoxíðs	Samanlagður massi vetniskolefna og köfnunarefnisoxíða	Massi agna ⁽¹⁾
		RW (kg)	L ₁ (g/km)	L ₂ (g/km)
M ⁽²⁾	allur	3,16	1,13	0,18
N ₁ ⁽³⁾	RW ≤ 1 250	3,16	1,13	0,18
	1 250 < RW ≤ 1 700	6,0	1,6	0,22
	1 700 < RW	8,0	2,0	0,29

⁽¹⁾ Fyrir hreyfla með þrýstikveikju.

⁽²⁾ Sjá 2. athugasemd í lið 5.3.1.4.

⁽³⁾ Sjá 3. athugasemd í lið 5.3.1.4.“

15. Liður 8:

— Liður 8.1 falli niður;

— Í lið 8.2 verði annar undirliður svohljóðandi:

— „ákvæðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka við tilskipun 70/220/EEB eins og henni var breytt með tilskipun 88/76/EEB og gilda um ökutæki í flokki M₁ ⁽²⁾ sem knúin eru hreyfli með rafkveikju sem er stærri en tveggja lítra“;

— Liður 8.3 verði svohljóðandi:

„Fyrir ökutæki í flokki M₁ ⁽²⁾ gildi til 1. júlí 1994 vegna gerðarviðurkenningar og til 31. desember 1994 vegna fyrstu notkunar, og

fyrir ökutæki í flokki N₁ ⁽³⁾ gildi til 1. október 1994 vegna gerðarviðurkenningar og til 1. október 1995 vegna fyrstu notkunar,

þau markgildi fyrir samanlagðan massa vetniskolefna, köfnunarefnisoxíða og efnisagna í útblæstri ökutækja sem knúin eru dísilhreyflum með beinni innspýtingu skulu vera þau gildi sem fást við að margfalda gildin L₂ og L₃ í töflunni í lið 5.3.1.4. (gerðarviðurkenning) og 7.1.1.1 (eftirlit með samræmi) með stuðlinum 1,4 .

⁽²⁾ Sjá athugasemd ⁽²⁾ í lið 5.3.1.4.

⁽³⁾ Sjá athugasemd ⁽³⁾ í lið 5.3.1.4.“

III. VIÐAUKI

16. Liður 2.3.1:

— Í stað annarrar mgr. komi eftirfarandi þrjár mgr.:

„Á ökutækjum í flokki M ⁽²⁾ með hámarksafli hreyfils undir 30 kw og hámarkshraða undir 130 km/klst. er hámarkshraði akstursferils utan þéttbýlis (annar hluti) takmarkaður við 90 km/klst. fram til 1. júlí 1994.

Á ökutækjum í flokki N₁ ⁽³⁾ með hlutfall milli afsl og þyngdar sem er undir 30 kw/t ⁽⁴⁾ og hámarkshraða undir 130 km/klst. er hámarkshraði akstursferils utan þéttbýlis (annar hluti) takmarkaður við 90 km/klst. fram til 1. janúar 1996 fyrir ökutæki í flokki I og til 1. janúar 1997 fyrir ökutæki í flokkum II og III.

Eftir þessar dagsetningar skulu ökutæki sem ná ekki þeirri hröðun og þeim hámarkshraðagildum sem krafist er í vinnuhringnum látin vinna með fullri inngjöf eldsneytis þar til þau ná aftur því vinnsluferli sem krafist er. Frávik frá vinnuhringnum skulu skráð í prófunarskýrsluna.

⁽²⁾ Sjá 2. athugasemd í lið 5.3.1.4 í I. viðauka.

⁽³⁾ Sjá 3. athugasemd í lið 5.3.1.4 í I. viðauka.

⁽⁴⁾ Tæknilega leyfilegur massi með hleðslu eins og framleiðandi segir fyrir um.“

17. Liður 7.1. verði svohljóðandi:

„7.1. Sýnataka

Sýnataka hefst við upphaf fyrsta akstursferils í þéttbýli eins og lýst er í lið 6.2.2 og henni lýkur við lok hægagangstímabilsins í akstursferli utan þéttbýlis (öðrum hluta).“

IV. VIÐAUKI

18. Liður 2.2 verði svohljóðandi:

„2.2. Í prófuninni skal umhverfishiti vera á milli 293 og 303 K (20 og 30° C).

Hreyfillinn skal látinn hitna þar til hitastig kæli- og smurningsbúnaðar og smurningsþrýstingur hafa náð jafnvægi.“

19. Liður 2.5.2.1 verði svohljóðandi:

„2.5.2.1. Fyrst er gerð mæling í samræmi við skilyrði framleiðanda um stillingar.

V. VIÐAUKI

20. Liður 2.1 verði svohljóðandi:

„2.1. Prófun III er gerð á ökutæki sem knúið er hreyfli með rafkveikju og prófanir I eða III hafa verið gerðar á eftir því sem við á.“

IX. VIÐAUKI

21. II. HLUTI

Liður 1.5 falli niður.
